

14. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 5. nóvember 2019, kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar,
Skiopholti 50c.

Mætt á fund: Auður Sturludóttir (varaformaður), Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Sveinn Atli Gunnarsson (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Greiningarvinna varðandi sálgæslu

a. Minnisblað lagt fyrir stjórn

Lagt fram til kynningar

b. Verkefnaræs

Samþykkt að hefja greiningarvinnu sem snýr að sálgæslu, t.a.m. með spurningum í lífsskoðunarkönnun félagsins á næsta ári.

2. Útfararþjálfun

a. Staða þjálfunar

Greint frá fyrsta skrefi og viðræðum við reynda athafnarstjóra um að taka mögulega að sér þriðja og lokafasa þjálfunar.

b. Næstu skref

Mentoring - kostnaður gæti orðið um það bil 300.000 fyrir þjálfun og eftirfylgd. Nánari útfærsla bíður næsta árs. Stjórn samþykkir þennan kostnað.

3. Alþjóðastarf

a. Humanistic Values - Brugge, október 2019

5 fulltrúar Siðmenntar sóttu ráðstefnu/námskeið í Brugge í október. Mikil ánægja með helgina meðal þátttakenda, og vel heppnað fyrirkomulag að senda teymi af fólki.

b. Alþjóðáþing í Miami 2020

Stjórn samþykkir að senda 2 fulltrúa, útfærsla verður ákveðin á næstu dögum.

Skráning fer fram á

<https://humanists.international/event/registration-for-2020-general-assembly/?page=CiviCRM&q=civicrm/event/register&reset=1&id=24>

Kostnaður verður varla undir 300 þúsund per þátttakanda, sennilega hærri. Ekki beint flug í boði. Aðalfundur HI og EHF haldnir samhliða, þar sem við eigum fulltrúa og atkvæðisrétt. Fullt ráðstefnugjald er 389 dollarar. (um 50 þúsund) Hótelkostnaður um 100 þúsund (5 nætur, gæti verið færri) Flugkostnaður 80-100 þúsund.

c. Dagpeningagreiðslur

Framkvæmdastjóri óskar eftir að settar verði formlegar vinnureglur um greiðslur dagpeninga. Hann hefur reiknað dagpeninga miðað við þessar forsendur, minnisblað lagt fram.

Framkvæmdastjóra falið að vinna formlegar vinnureglur í samræmi við leiðbeiningar stjórnarráðsins sem lagðar verða fram til samþykktar á næsta stjórnarfundum

d. Félagsgjöld HI

Breytingar voru samþykktar á félagsgjaldakerfi HI á síðasta aðalfundi. Skv. nýjum reglum eigum við að borga 1% af innkomu okkar í félagsgjöld. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga hjá HI og semja um sanngjarna greiðslu.

e. Alþjóðáþing í Kaupmannahöfn 2023

Óskað er eftir að Siðmennt tilnefni fulltrúi í undirbúningsnefnd. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga um skipun, hvort skipaðir verði starfsmenn eða stjórnarfolk.

4. Athafnarþjónusta

a. Athafnarstjórafundur í október

Stutt kynning á því sem fram fór á haustfundi athafnastjóra, sem haldinn var í Skipholti.

b. Samþykkt verklagsreglna og virknireglna

Frestað til næsta fundar. Reglurnar verða til umræðu á næsta vinnufundi stjórnar.

c. Gæðateymi

Teymið skipa formaður, framkvæmdastjóri, einn fulltrúi athafnaráðs og einn fulltrúi stjórnar sem er ekki athafnastjóri. Kristín Sævarsdóttir skipuð fulltrúi stjórnar.

5. Rekstur og starfsmannamál

a. Drög að fjárhagsáætlun 2020

Drög lögð fram til kynningar, endanlegt áætlun lögð fram í desember.

b. Starfslýsingar starfsfólks

Uppfæra þarf starfslýsingar starfsfólks Siðmenntar miðað við nýjar skyldur og ábyrgð.

Frestað.

Formaður gerir það að tillögu sinni að framkvæmdastjóri verði boðaður í launaviðtal á næstu vikum.

c. GDPR

Innleiðing á GDPR - Bæði Future 404 og Tómas Kristjánsson hafa lagt fram tilboð. Oktavía frá Future 404 er tilbúin að koma á fund stjórnar og kynna þeirra vinnu og tilboð (SFÆ)

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

d. Fjárhagsuppgjör ráðstefnu

Heildarkostnaður þegar allt er talið varð 2.515.755 kr. Nánari skýringar má lesa í framlögðu minnisblaði.

e. Prókúra og flutningstilkynning

Stjórn þarf að undirrita skjöl vegna prókúru gjaldkera og tilkynningu til RSK vegna flutnings lögheimilis

6. Lífsskoðunarkönnun

a. Drög að könnun lögð fyrir stjórn

Lokadrög að könnun lögð fram. Stjórn samþykkir drögin sem verða þá send áfram til Maskínu til vinnslu.

7. Önnur mál

a. Vísindaferð

Tvær vísindaferðir eru framundan, þar sem framkvæmdastjóri verður erlendis á sama tíma. Stjórnarmeðlimir hvattir til að mæta -

b. Opið hús

Tillaga að opnu húsi í desember. Jólþema.

c. Kokteilboð

Stjórn og lykilsjálfbóðaliðum er boðið til kaffisamsætis í Skipholti þann 7. nóv. kl. 17:00 -

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 3. desember klukkan 17:30

Fundi slitið klukkan: 19:50